

## **Fundargerð**

14. fundar í Erfðanefnd landbúnaðarins  
Hvanneyri, 26. mars 2010 kl. 13:30-16:00

*Mættir aðalmenn:* Skúli Skúlason, formaður, Áslaug Helgadóttir, Emma Eyþórsdóttir, Sigurður Már Guðjónsson, Jón Viðar Jónmundsson, Trausti Baldursson.  
*Auk þess sat fundinn* Margrét Guðrún Ásbjarnardóttir, starfsmaður erfðalindaseturs LbhÍ.  
*Forföll boðuðu:* Aðalsteinn Sigurgeirsson.

### **1. Samþykkt dagskrár**

Drög að dagskrá voru send út fyrir fundinn og var dagskráin samþykkt. Margrét ritaði fundargerð.

### **2. Fundargerð síðasta fundar**

*Fundargerð frá 13. fundi var samþykkt án athugasemda.*

### **3. Staða mála frá síðasta fundi**

Ný erfðanefnd var skipuð 5.janúar 2010. Fundurinn hófst á stuttri kynningu nýskipaðs formanns og annarra nefndarmanna.

Fráfarandi formaður gerði grein fyrir atburðum frá síðasta fundi, sjá einnig gögn sem dreift var stuttu eftir fund.

- Samstarfssamningur við erfðalindasetur var undirritaður í nóvember 2009 og gildir hann út maí 2010. Í samningnum er kveðið á um almenn verkefni sem setrið skal inna af hendi fyrir nefndina ásamt ákveðnum atriðum sem tengjast stefnumörkunaráætluninni. Rætt var um hugsanleg tengsl erfðalindaseturs og umhverfissráðuneytis og mögulega aðkomu setursins að nefndarvinnu þar.
- Breytingar hafa orðið á vinnuhópum NordGen, einstökum hópum hefur fækkað og einn hópur vinnur nú með öll búfjáarkyn í stað margra hópa fyrir ólík búfjáarkyn áður. Emma Eyþórsdóttir (LbhÍ) var á árinu skipuð í þennan hóp ásamt Jóni Hallsteini Hallssyni (LbhÍ).

### **4. Uppgjör 2009 og framkvæmda- og fjárhagsáætlun 2010.**

Formaður lagði fram uppgjör ársins 2009 ásamt drögum að áætlun fyrir 2010. Inneign í lok árs 2009 var 5.643.074 kr. og þar af eru 2.046.150 kr. bundnar í ógreiddum lokagreiðslum styrkja. Framlag á fjárlögum 2010 er 5.600.000 kr.

*Samþykkt var eftirfarandi breytingatillaga fráfarandi formanns á framkvæmda- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2010: Aukin fjárveiting til erfðalindaseturs sem samþykkt var á 13. fundi erfðanefndar og sem ekki hefur verið nýtt á árinu 2009 er færð sem ráðstafað fé í áætlun fyrir 2010, alls 1.500.000 kr. Samkvæmt því verða þá 3.546.150 kr. bundnar í ógreiddum lokagreiðslum og fé til ráðstöfunar á árinu 2010 verða: 7.696.924 kr.*

*Samþykkt var eftirfarandi áætlun um nýtingu fjármuna árið 2010:*

<i>Stofnverndarframlag til geitfjárræktar (styrkir og umsýsla)</i>	<i>1.800.000 kr</i>
<i>Nýir styrkir</i>	<i>2.500.000 kr</i>
<i>Erfðalindasetur</i>	<i>1.000.000 kr</i>
<b>Samtals</b>	<b>5.300.000 kr</b>
<b>Óráðstafað fé 2011</b>	<b>2.396.924 kr</b>

Rætt var um fjárveitingar til erfðanefndar en fjármagn til nefndarinnar er skilgreint í búnaðarlagasamningi hverju sinni. Rætt var um gildi þess að skilgreina þurfi sérstakan lið á fjárlögum fyrir þann efnisflokk sem erfðaauðlindir í landbúnaði falla undir, þó svo að reglugerðin um hlutverk og starfsemi erfðanefndar sé áfram undir búnaðarlögum.

*Samþykkt var að nefndin skuli ræða við SLR um að fjárframlög til starfsins fari ekki í gegnum búnaðarlagasamning heldur verði framvegis skilgreind sem sérstakur liður á fjárlögum.*

## **5. Auglýsing umsókna um styrki til erfðanefndar 2010**

*Samþykkt að birta auglýsingu um styrki á árinu 2010 inni á heimasíðum/starfsmannapóstlistum þeirra stofnanna sem eiga fulltrúa í nefndinni. Einnig að birta auglýsinguna í Bændablaðinu tveimur vikum áður en umsóknarfrestur rennur út, skv. venju. Jafnframt að vísa í texta auglýsingarinnar sérstaklega í stefnumörkun nefndarinnar.*

## **6. Eftirfylgni stefnumörkunar erfðanefndar 2009-2013**

Starfsmaður erfðalindaseturs gerði grein fyrir þeim hluta í starfssamningi setursins og erfðanefndar sem snýr að stefnumörkuninni og stöðu þeirra. Rætt um umboð nefndarinnar til að kalla eftir upplýsingum frá ráðunautum BÍ varðandi erfðafræðilega stöðu helstu búfjárkynja.

*Nefndin lýsir yfir ánægju með þá vinnu sem setrið hefur lagt að mörkum í tengslum við eftirfylgni stefnumörkunar nefndarinnar og væntir mikils af þessu starfi í framtíðinni.*

## **7. Viðburðir í tengslum við ár líffræðilegrar fjölbreytni**

Formaður ræddi möguleika þess að erfðanefnd stæði fyrir/kæmi að einhvers konar viðburðum í tengslum við ár líffræðilegrar fjölbreytni. Rætt um möguleika þess að halda viðburði í samstarfi við tengdar stofnanir eða hvort nefndin ætti að standa fyrir slíku á eigin vegum.

*Samþykkt að nefndin einbeiti sér að því að halda viðburð á eigin forsendum og stefnt skuli að málstofu með haustinu. Málið verði áfram rætt á næsta fundi.*

## **8. Samstarf við NordGen**

Fráfarandi formaður gerði grein fyrir stöðu og hlutverki NordGen á norrænum vettvangi og áréttaði mikilvægi þess að góð tengsl séu á milli stofnunarinnar og verkefna sem unnin eru á ábyrgð hvers aðildarlands. Jafnframt þarf verkaskipting að vera skýr milli þessara aðila. NordGen stendur á tímamótum núna þar sem fjárveitingar frá Norrænu ráðherranefndinni hafa ekki vaxið í

takt við aukna fjárförf stofnunarinnar og ljóst er að án nauðsynlegs fjármagns getur stofnunin ekki haldið starfi sínu áfram í óbreyttri mynd. Tillögur að breytingum á rekstrarformi NordGen eru til umræðu í sérstökum vinnuhópi þar sem fráfarandi formaður á sæti.

*Nefndin styður eindregið það starf sem unnið er á vegum NordGen og lýsir yfir fullum vilja til þess að umsjón nefndarinnar með erfðaauðlindum hér á landi sé samræmd þeim verkefnum sem eru á ábyrgð NordGen. Fráfarandi formanni er falið að koma þeim sjónarmiðum á framfæri í sérstökum vinnuhópi sem vinnur nú að tillögum til þess að styrkja framtíð NordGen.*

## **9. Alþjóðlegt samstarf**

Fráfarandi formaður ræddi lítillega samstarf í tengslum við NordGen og FAO. TB vakti athygli á afleiðingum inngöngu Íslands í ESB í tengslum við erfðaauðlindir í landbúnaði og að mögulega þyrfti að vekja frekar athygli á þeim málum.

## **10. Önnur mál**

Engin önnur mál.

## **11. Næsti fundur**

*Næsti fundur boðaður 14.maí, kl. 13:30 á Hvanneyri.*